

Föstudaginn 18. jan. 1935.

Nr. 90/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

**Kristínu Jónsdóttur Dahlsted**

(Guðm. Ólafsson).

Áfengisl.- og lögreglusamþykktarbrot og ítrekað grot g. l. 21/1926.

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. maí 1933:* Kærða, Kristín Jónsdóttir Dahlsted, sæti 150 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirting dóms þessa. Einnig skal hún swift veitingaleyfi sínu æfilangt. Loks greiði hún allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Tvær af stúlkum þeim, sem yfirheyrðar voru sem vitni í málinu, hafa að vísu borið það, að kærða hafi horft á einn gesta sinna þann 1. marz 1933 hella vini eða öðru áfengi í glas sitt og glös annara gesta á veitingastofu hennar. En vitni þessi hafa ekki verið eiðfest og þar að auki þykir varhugavert að leggja fullan trúnað á skýrslu þeirra sakir þess, að þeim var í nöp við kærðu, að því er önnur þeirra segir, er kveðst hafa kært kærðu til þess að hefna sín á henni. Gegn eindreginni neitun sinni verður kærða því ekki talin sönn að sök um það, að hafa beinlínis séð umræddan gest hella áfengi í glösin umrætt skipti. Þar á móti verður að telja, að kærðu hafi verið kunnugt um það, að áfengisnautn og brot á góðri reglu og jafnvel velsæmi hafi að staðaldri átt sér stað í veitingastofu hennar, án þess að hún hafi gert nægilegar ráðstafanir til þess að hindra slíkt

eða koma því af. Hefir kærða með þeim hætti gerzt brotleg við 24. gr. laga nr. 64/1930 og 78. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hennar fyrir þau brot hæfilega ákveðin samkvæmt 41. gr. laga nr. 64/1930 og 96. gr. áðurnefndrar lög-reglusamþykktar 150 króna sekt í ríkissjóð, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem kærða nú skal sæta refsingu í þriðja sinn eftir að lög nr. 21/1926 komu til framkvæmdar fyrir brot gegn áfengislögum og ákvæðum um góða reglu og velsæmi á veitingastað sínum og með tilliti til þess refsídóms, er hún sætti 16. nóv. 1925, þykir og verða að dæma hana samkvæmt 3. málsg. 6. gr. laga nr. 21/1926 til þess að hafa fyrirgert veitingaleyfi sínu æfilangt eins og einnig er ákveðið í hinum áfrýjaða dómi. Og með því að fallast má á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til með framangreindri breytingu á greiðslufresti sektarinnar.

Eftir þessum málalokum verður einnig að dæma kærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Á máli þessu hefir orðið mjög mikill dráttur eftir að dómur var kveðinn upp í því í héraði og ber verjandi málsins, Guðmundur hæstaréttarmálflutningsmaður Ólafsson, sök á honum, að því leyti sem hann er eigi réttlættur. Eftir skýrslu verjanda tók hann við skjölum málsins frá sækjanda 26. sept. 1933. Kærða taldi nauðsyn á að afla nýrra upplýsinga og kvað í því skyni þurfa að yfirheyra vitni af nýju.

En svo liður tíminn frá septemberlokum 1933 til aprílbyrjunar 1934, að verjandi hefst ekki handa um framkvæmdir í því efni. Í aprílbyrjun 1934 kveðst verjandi hafa siglt til útlanda og komið aftur í maí-mánaðarlok síðastliðinn. Þann 14. júní síðastl. skrifar hann loks lögreglustjóranum í Reykjavík beiðni um það, að vitni verði yfirheyrð af nýju í málinu. En bæði vegna anna dómarans og sakir þess, að sum vitna þeirra, er spyrja skyldi, voru farin úr bænum, frestaðist vitnaleyðsla þessi þar til 27. sept. 1934 og var henni ekki lokið fyrri en 23. okt. s. á. Jafnskjótt sem dóminum hafði borizt ágrip dómsgerða, var flutningur málsins ákveðinn 5. dez. f. á., en síðan hefir tvívegis orðið að fresta því vegna lasleika verjanda. Verður honum að vísu ekki gefin sök á drættinum frá því í byrjun aprilmánaðar 1934, en hann verður að bera ábyrgð á hinum óþarfa og óhæfilega drætti, sem varð á málinu frá septemberlokum 1933 til aprílbyrjunar 1934, eða fulla 6 mánuði, með því að sá dráttur verður með engu móti talinn réttlættur. Fyrir þennan drátt verður að sekta verjanda samkvæmt 35. gr. tilskipunar 3. júní 1796, og þykir sektin, er renna skal í fátækra sjóð Reykjavíkurkaupstaðar, hæfilega ákveðin 40 krónur, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærða, Kristín Jónsdóttur Dahlsted, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun

skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna B. Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 200 krónur til hvors.

Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmálflutningsmaður greiði 40 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Kristínu Jónsdóttur Dahlsted, veitingakonu, Mjóstræti 6, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 21 frá 1926 og lögum nr. 64 1930 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Hinn 1. marz síðastliðinn kl. 4,45 var hringt á lögregluvarðstofuna og tilkynnt að fólk sæti við vindrykkju inni á veitingahúsinu Fjallkonan í Mjóstræti 6. Lögreglan fór samstundis á staðinn til þess að athuga þetta, og var þeim, er þeir komu á staðinn af tveim stúlkum, sem þar voru, vísað á borð innarlega í veitingasalnum og sögðu þær lögreglunni, að vín væri í glösum þeim, sem þar stóðu á borðinu.

Lögreglan tók í sínar vörzlur slatta af vökva þeim, sem í glösum þessum var, og tók síðan fólk það, sem við borðið sat og færði það á lögregluvarðstofuna, ásamt fleira fólki, sem þarna var inni. Áfengissýnishornið var sent Efnarannsóknarstofu ríkisins til athugunar og reyndist innihald af alkoholi 14,5% eftir rúmmáli.

Lögreglan tók skýrslu af fólki þessu, sem flutt var á lögregluvarðstofuna, þar á meðal voru 3 sjómenn frá Ísafirði, en af þeim var einn svo drukkinn, að ekki var hægt að taka skýrslu af honum. Hinir, þeir Arinbjörn Clausen og Svanberg Magnússon, skýrðu svo frá, að þeir hefðu farið

inn á veitingahúsið Fjallkonan kl. ca. 3 þennan dag ásamt stúlku að nafni Hólmfriður Hannesdóttir. Kváðust þeir hafa haft tvær flöskur af portvíni meðferðis, sem þeir drukku þarna inni á veitingahúsinu, saman við pilsner. Eftir að þeir komu inn í veitingahúsið, bættust tvær stúlkur við í félagsskapinn og drukku líka með þeim og hefir Arinbjörn Clausen skýrt svo frá, að önnur þeirra hafi tekið flösku úr vasa sínum með slatta af tærum vökva á, og rétt honum og sagt honum að láta út í hjá sér, og gerði hann það og holti einnig út í glös hinna allra. Um þetta leyti kveður hann að lögreglan hafi komið og sundrað félagsskapnum. Ekkert þorði Arinbjörn að fullyrða, hvort kærða hafi séð, er víninu var helt út í glösin, en Svanberg ber það, að hún mundi hafa hlotið að sjá það, því að þeir hafi ekki farið í neina launkofa með það, enda hafi hún kallað til Hólmfriðar, sem með þeim var og beðið um að ekki væri haft svona hátt, það gæti heyrst út á götuna.

Hólmfriður Hannesdóttir hefir skýrt frá þessu á sama hátt og Ísfríðingarnir, fyrst hafi hún verið ein með þeim inni á veitingahúsinu og drukkið með þeim portvín út í pilsner, en síðan hafi hún kallað á Valgerði Filippusdóttur að borðinu og hafi þá Hallbjörg Bjarnadóttir komið með henni. Hafi þær svo drukkið með þeim. Hún kveður að kærða hafi beðið sig að sjá til þess að ekki yrði haft hátt við borðið. En Hallbjörg og Valgerður skýrðu lögreglunni þannig frá, að undireins og þær voru komnar að borðinu til þeirra, þá hafi einn maðurinn, sem við borðið sat, dregið upp heilflösku með landa og helt út í glösin. Síðan hafi verið skálað af öllum við borðið, en þær kváðust ekkert hafa drukkið úr sínum glösum, heldur hafi þær farið upp á loft og hringt á lögregluna. Þær báru það og báðar, að meðan verið var að hella landanum í glösin hafi kærða komið þar að og beðið þær að fara varlega með þetta.

Þá bar Ólafur Jónsson það fyrir lögreglunni, að hann hefði ásamt tveim mönnum verið að drekka citron þarna inni, en síðan varð það að samkomulagi að annar maðurinn Ásgrímur Jónsson færi út í Áfengisverzlun og keypti eina flösku af portvíni til þess að drekka þar inni, og fóru þeir í því tilefni í herbergi innar af veitingasalnum. En er Ásgrímur kom aftur, var lögreglan komin og varð því ekki úr að þeir drykkju neitt þar inni. Ólafur þessi kvaðst

einu sinni áður hafa drukkið vín inni á Fjallkonunni án þess að vera ónáðaður af veitingakonunni eða starfsfólki hennar. Ásgrímur Jónsson bar hið sama fyrir lögreglunni og Ólafur, að því viðmbættu að hann kveðst oft hafa drukkið áfengi inni á Fjallkonunni án þess að amast væri við því af veitingakonunni eða starfsfólki hennar, enda kvaðst hann hafa reynt að fara heldur varlega með það.

Eftir að lögregluskýrslan hafði verið tekin af fólki þessu, var Ísfirðingunum leyft að fara um borð í bát sinn, sem var á förum héðan og hafa þeir ekki verið í Reykjavík síðan og hefir því ekki verið hægt að láta þá staðfesta skýrslur sínar fyrir rétti. En hitt fólkið allt hefir fyrir réttinum staðfest sínar skýrslur. Stúlkurnar Hallbjörg og Valgerður héldu fast við það, að einn Ísfirðingurinn hefði helt „Landa“ út í glösin hjá þeim, og kærða hefði horft á, er það var gert, og beðið um að varlega væri farið með þetta. Þær báru það og báðar fyrir réttinum, að þær hafi oft séð menn sitja inni á Fjallkonunni og hella víni út í glösin hjá sér og drekka það þar inni og telja þær vist að kærðu sé vel kunnugt um það. Aftur á móti kveðst Hólmfríður ekki hafa orðið vör við er Landanum var helt út í glösin, hún kveðst einungis hafa drukkið portvín út í öl sitt, en kærða það hana að sjá til þess að ekki væri haft hátt við borðið. Hún kveðst og mjög oft hafa séð drukknar menn inni á Fjallkonunni.

Þá var og yfirheyrð fyrir réttinum Guðrún nokkur Úlfarsdóttir, sem um tíma hafði verið frammistöðustúlka á Fjallkonunni. Hún bar það að hún hefði ekki beinlínis séð að gestir drykkju þar inni eða heltu út í glösin hjá sér víni. En hún kveðst hinsvegar hafa séð það, að menn, sem komu þarna inn lítið eða ekkert drukknir er þeir komu, hafi farið þaðan út töluvert mikið drukknir eftir að hafa setið þar inni.

Kærða hefir eindregið neitað því að hún hafi vitað það, að vín væri haft um hönd á veitingahúsinu. Hún kveðst að visu hafa séð það hinn 1. marz, að maður, sem hún ekki þekkti, holti Landa út í glösin, en hún kveðst hafa sagt manni þessum að ekki mætti drekka þar inni. Hún kvaðst og ávalt hafa reynt eftir bestu getu að sjá um að ekki væri drukkið þarna inni eða nokkuð ólög-

legt aðhafzt, kveðst hafa skipað þeim mönnum að fara út, er hún hefir séð drekka þar inni.

Að þessum yfirheyrslum loknum var veitingahúsi kærðu lokað um stundarsakir hinn 2. marz síðastliðinn.

Hinn 28. janúar s. l. hafði lögreglunni borizt erindi frá 22 húsráðendum í Bröttugötu og Mjóstræti, þar sem kvartað var undan óreglu og ólátum í nefndum götum síðastliðinn vetur, og væri þessi ólæti aðallega kringum kaffihúsið Fjallkonan. Hinn 24. marz voru 3 menn, sem skrifað höfðu undir erindi þetta, leiddir fyrir rétt. Lýstu þeir ástandinu þannig, að hávaðinn og háreystin í Mjóstræti og Bröttugötu hafi verið með öllu óþolandi, svo fólk í næstu húsum hefði ekki svefnfrið. Ryskingaróp og drykkjulæti fram eftir nóttu. Samfara þessu mikil bilaumferð og þvarg í Mjóstræti fram til klukkan eitt og tvö á nóttunni og stundum lengur. Aðallega var þessi háreysti manna og bila í kringum veitingahúsið Fjallkonan og saúst drukkniir menn iðulega koma þaðan út. Kom þetta fyrir á hverri nóttu og þó einkum um helgar. En öllum ber vitnum þessum saman um það, að ólæti þessi hefðu með öllu horfið þarna í nágrenninu eftir að veitingahúsinu Fjallkonan var lokað.

Þá var og leiddur sem vitni í máli þessu einn starfsmaður úr varalögreglunni, sem bjó uppi á lofti í Mjóstræti 6, en þar er veitingahúsið í kjallara. Hann kveðst um miðjan október síðastliðinn hafa farið að verða var við svo mikinn hávaða og ólæti fyrir utan húsið fyrri part nætur, að fólk á efstu hæðum hússins gat ekki sofið. Þeir sem fyrir þessu háreysti stóðu, kvað hann hafa verið drukkna menn, innlenda og útlenda, sem voru gestir á Fjallkonunni. Kveður hann, að hann og kona hans hafi orðið fyrir ýmiskonar áreitni af fólk þessu, kom það fyrir að kona hans þurfti að kvöldi til, að fá hjálp utan af götunni til þess að komast inn í húsið, því að gangurinn fyrir utan Fjallkonuna var fullur af drukknum mönnum, sem voru þar að slást, og var kvenfólk skrækjandi innan um.

Kvað vitnið, að á morgnana hafi það oft komið fyrir, að portið bak við húsið hafi verið ælt út og ennfremur hafi sézt merki þess, að menn gerðu þar þarfir sínar. Kveðst hann og iðulega hafa séð getnaðarverjur í porti þessu og einnig orðið var við þær í göngum hússins á

morgnana og hafi gangarnir oft verið ældir út. Vitnið kveðst og stundum hafa litið inn á Fjallkonuna, og kveður það venjulega hafa verið svo, að flestir karlmenn er þar voru inni, hafi verið drukknir og einnig hafi hann séð kvenfólk þar áberandi drukkið. Kveðst hann hafa séð menn drekka spánarvín þar inni bæði af stút og eins úr glösum á borðinu. Álitur vitnið það ómögulega geta átt sér stað, að kærða hafi ekki séð vindrykkju þá, sem átti sér stað þarna inni. Vitnið kveðst oft hafa komið inn á Fjallkonuna og var ástandið ávalt svo sem að framan er lýst eftir klukkan 9 á kvöldin. Þá skýrði vitnið ennfremur svo frá, að eftir að Fjallkonunni var lokað hafi húsið Mjóstræti 6 verið sem annað hús, hafi hvorki verið hávaði þar utan húss né innan síðan og ekki upp á neitt að klaga.

Kærða hefir í síðasta réttarhaldi borið það, að það hafi verið svo mikil ólæti og hávaði i kringum veitingahús hennar í vetur, að hún hafi aldrei orðið vör við annan eins ófögnuð. En hún hefir jafnframt haldið því fram, að hún hafi ekkert getað við þetta ráðið. Hún viðurkennir og að mikill hávaði hafi oft og tíðum verið á göngum hússins, en hefir haldið því fram, að þó það kunni að hafa verið hennar gestir, sem fyrir háreysti þessari hafi staðið, þá hafi þeir þó hegðað sér skikkanlega meðan þeir voru inni í veitingahúsinu. Ekki kveðst hún heldur bera á móti því, að drukknir menn hafi komið inn á Fjallkonuna, kveðst og ekki efast um að vín hafi verið drukkið þar inni þótt hún ekki sæi það.

Eins og sést á því sem greint er hér að framan, skortir allmikið á það, að veitingahús kærðrar hafi verið rekið þann veg síðastliðinn vetur, að þar hafi verið gætt góðrar reglu eða jafnvel velsæmis. Samkvæmt framburði allra vitna sem leidd hafa verið, og þar um gátu borið, hefir jafnan verið mikið um drukknar menn inni á veitingahúsinu, og kemur það að nokkru leyti heim við játningu kærðrar sjálfrar. Þá hafa og flest vitnin borið það, að þau hafi séð vín haft um hönd þar inni, og svo mikið hafi kveðið að því, að kærðri hafi hlotið að vera fullkunnugt um það. En kærða hefir ávalt neitað því, að hafa vitað um það, eða að hún mundi hafa liðið slíkt ef hún hefði um það vitað. En rétturinn verður að líta svo á, að eftir lýsingu vitnanna á atferli gestanna, sé það með öllu úti-

lokað að kærða hafi komizt hjá að sjá þá drekka þar inni, og liðið þeim það. Og neitun hennar í þessu efni verður ekki talin sérlega sennileg, þar sem hún hefir tvívegis áður sætt refsingu fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.

Það verður ennfremur að teljast sannað, að nágrannar veitingahússins hafi haft mikið ónæði af gestum veitingahússins og mönnum þeim, sem héldu sig þar í grendinni, því að vitnunum ber saman um að eftir að veitingahúsinu var lokað hafi verið kyrrlátt í hverfinu.

Kærða hefir hinn 16. nóvember 1925 verið dæmd í lögreglurétti Reykjavíkur í 500 króna sekt og 30 daga einfalt fangelsi fyrir brot gegn 9. gr. sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 65 1922, sbr. 24. gr. bannlaganna nr. 15 1925. Hinn 19. apríl 1929 var hún í sama rétti dæmd í 1000 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum 3. sbr. 14. gr. reglugerðar nr 67 1928 og 23. sbr. 32. og 40. grein áfengislaganna nr. 64 1928 og svift veitingaleyfi í 3 mánuði. Loks hefir hún verið 7. maí 1931 í sama rétti sektuð um 25 krónur fyrir að hafa veitingahús opið fram yfir lögleyfðan tíma.

Framantalið brot kærðrar ber að áliti dómarans að heimfæra undir 24. sbr. 41. grein áfengislaganna nr. 64 1930 og 78. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing sú sem hún hefir tilunnið hæfilega ákveðin 150 króna sekt í rikissjóð. Með því að þetta er í þriðja sinn sem kærða hefir orðið brotleg gegn ákvæðum áfengislaganna verður samkvæmt 6. grein 3. mgr., laga nr. 21 1926, að svifta hana veitingaleyfi æfilangt. Verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa komi í hennar stað einfalt fangelsi í 12 daga. Auk þess greiði hún allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur og stafar hann sumpart af annriki dómarans, en sumpart hefir hann verið réttlættur í prófunum.